

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík s. 456-7087, eftirlit@hevf.is

STARFSLEYFI

til að starfrækja

Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið 50.20.0.1

Nafn fvrirtækis: *Bifreiðaverkstæði Guðjóns*

Aðsetur starfsemi: *Hafnargata 57* 415

Fastanúmer fasteignar: *212-1240*

Kennitala: *0201932399*

Nafn rekstraraðila: *Guðjón Þórólfsson*

Aðsetur: *Hafnargata 57*

Kennitala:

Útgáfudagur leyfis: 12. september 2019 **Gildir til:** 12. september 2031

Eigandi/forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrir- tækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit svo og önnur lög eða reglur er starfsemina varða, svo og skilyrðum á fylgiskjali með leyfi þessu.

Fyrirhugaðar meiri hátta breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði samráði við heilbrigðiseftirlit eða viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæði. Ef fyrirtækið flytur eða eigendaskipti verða, fellur starsleyfið úr gildi.

Um starfsumhverfi og öryggi starfsmanna fer samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og einnig laga nr. 93/1995, um matvæli ef um starfsemi er snertir matvæli er að ræða.



HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, , 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

Bolungarvík 4. október 2019

Bifreiðavekstæði Guðjón
Hafnargata 57
415 Bolungarvík

Afgreiðsla á umsókn um starfsleyfi

Á fundi sínum þann .12.september 2019 fjallaði heilbrigðisnefnd Vestfjarða um starfsleyfi fyrir .Bifreiða og vélaverkstæði...Starfsleyfið gildir til 16..maí 2031. Í samræmi við gjaldskrá fyrir matvæla-heilbrigðis- og mengunareftirlit á starfsvæði Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða frá 1. mars 2019 nr. 254 er árlegt eftirlitsgjald kr 23.098 miðað við eftirlitsheimsókn árlega ár.

Starfsleyfisgjald er kr .28.428 Reikningur í samræmi við það verður sendur síðar.

Eigandi/forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo og önnur lög og reglur er starfsemina varða. Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Starfsleyfi þetta, er veitt skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br. reglugerð um um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Skv. 65. gr laga 7/1998 er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamála. Um aöld, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar um umhverfis- og aulindamála fer skv lögum nr. 130/2011. Kæra til Úrskurðarnefndar frestar ekki réttaráhrifum Frestur til að vísa málina til úrskurðarnefndar er einn mánuður. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Með kveðju


Anton Helgason
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr.
reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og
mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu
nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist
ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur almennra bifreiðaverkstæða, verkstæði fyrir þungavinnutæki, aðstöðu verktaka með þungavinnuvélar og annan skyldan rekstur.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	112/2012 og rgl. nr. 550/2018	
2.2	Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhræ, bílluti og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri eða valdi slysahættu.	737/2003	
2.3	Gánum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003 17. gr.	
2.4	Bifreiðum, sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila.	737/2003 16. og 18. gr.	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	
3.2	Hafa skal olíugildru á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðisnefnd og byggingafulltrúa.	798/1999 5. gr.	
3.3	Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota sápuefni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olíugildrum.	550/2018	
3.4	Hafa skal reglubundið eftirlit með olíugildru og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.	798/1999 5. gr.	
3.5	Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olíur eða olíuefni, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.	798/1999 5. gr.	
3.6	Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olíugildru.	798/1999 5. gr.	

4. GEYMSLA Á OLÍU OG OLÍUEFNUM

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Eldsneytistankar og olíulagnir þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðisnefndar og skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
4.2	Díselolíutankur með afgreiðsludælu skal staðsettur á steyptu plani með árekstursvörn og skulu niðurföll tengd olíuskilju.	884/2017	
4.3	Staðsetja skal tanka og tunnur undir olíuefni þ.m.t. úrgangsoli í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir.	550/2018 og rgl. nr. 884/2017	
4.4	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt þar sem ekki stafar mengunarhætta af og í upprunalegum umbúðum. Eiturefni s.s. flúrsýru skal geyma í læstum skáp. Skápurinn skal vera loftræstur og við hillur skulu vera lekabyttur.	415/2014 og lög nr. 61/2013	
4.5	Öryggisblöð fyrir merkingaskyld efni skulu vera á staðnum.	888/2015 5. gr. og lög nr. 61/2013	

5. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Olíusíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku með starfsleyfi. Þurrum, pressuðum olíusíum má skila með málmúrgangi.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999	
5.2	Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.3	Ganga skal frá olíusmituðum úrgangi þar til að hann er fluttur til förgunar svo að ekki sé hætta á mengun.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.4	Rafgeymar teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999	
5.5	Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999	
5.6	Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna og auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.